

## GJALDSKRÁ

### **Skagabyggðar fyrir skipulags- og byggingarmál.**

#### I. KAFLI

1. gr.

*Almenn heimild.*

Vegna bygginga í Skagabyggð greiðast gjöld vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

2. gr.

*Ráðstöfun gjalda.*

Tekjum sveitarfélagsins vegna framkvæmdaleyfa og byggingarleyfa og af afgreiðslu- og þjónustugjöldum skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

#### II. KAFLI

##### **Byggingarleyfisgjald.**

3. gr.

*Flokkun bygginga og gjaldskrá.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 fermetrar eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðablöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

|                                               |                        |
|-----------------------------------------------|------------------------|
| Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðalóðum | 320 kr./m <sup>2</sup> |
| Iðnaðarhúsnæði                                | 288 kr./m <sup>2</sup> |
| Frístundahús                                  | 640 kr./m <sup>2</sup> |
| Útihús á lögbýlum                             | 150 kr./m <sup>2</sup> |
| Stöðuleyfi, gámar og hús                      | 640 kr./m <sup>2</sup> |
| Stöðuleyfi er veitt til eins árs í senn.      |                        |

4. gr.

*Meginreglur.*

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 9.000 kr. án virðisaukaskatts eða gjald samkvæmt reikningi.

5. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskráin er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skagabyggðar 26. apríl 2018 með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Skagabyggð, 26. apríl 2018.*

**Vignir Sveinsson** oddviti.